



**FLENSBORGARSKÓLINN**  
Heilsueflandi framhaldsskóli

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Það stýttist óðfluga í að kennslu ljúki með tilheyrandi lokanámsmati, þar með töldum lokaprófum. Eins og gefur að skilja þá er afar mikilvægt að halda vel utan um námið á þessum síðustu vikum. Taka lokasprettinn í náminu af festu, mæta vel og sinna verkefnaskilum. Þá vil ég minna ykkur á að setja ykkur vel inn í fyrirkomulag skólastarfs á próftíma. Skoða vel próftöflu, sjá [hér](#), tímasetningar prófa og þá minnum við á reglusemi og gott skipulag í kringum lokapróf. Einnig vil ég vekja athygli á svokölluðum **námsmatsdegi fimmtudaginn 1. desember**. Nemendur mæta ekki í skólann þann dag heldur nýta hann til upplestrar.

Ef nemendur þurfa aðstoð í námi þá er hægt að hafa **samband við nemendapjónustu skólans**, sjá nánari upplýsingar á vefsíðu skólans. Einnig geta nemendur sótt **námskeið um próftöku og prófkviða** mánudaginn 28. nóvember klukkan 11:55 í stofu H102. Skráning á [sunna@flensborg.is](mailto:sunna@flensborg.is) eða [helgav@flensborg.is](mailto:helgav@flensborg.is).

Hafin er skráning í hádegismat fyrir nemendur. Þetta gerum við til að tryggja gæði matar hverju sinni og koma í veg fyrir matarsóun. Það eina sem þú þarft að gera, nemandi kær, er að fara inn á heimasíðu skólans og velja hnappinn **Matarskráning nemenda**. Skrá þig þar inn á office-aðganginn þinn í gegnum skólann og velja mat á þeim dögum sem þú kýst. Matseðill vikunnar er svohljóðandi:

**Þriðjudagur**

Vegan kjúklingur með karrýsósu, hrísgrjón og salat  
Marineraðar kjúklingabringur með karrýsósu, hrísgrjón og salat

**Miðvikudagur**

Chili con vegan, með sætum kartöflum og salati  
Chili con carne með sætum kartöflum og fetaostasalati

**Fimmtudagur**

Grænmetisréttur með grænmetisbollum, sykurbúnuðum kartöflum, sósa  
Köld kalkúnabringa með sykurbúnuðum kartöflum, perusalat, sósa

**Föstudagur**

Grænmetislasagne með salati  
Lasagne með salati

Þá er búið að opna **könnun fyrir nýnema í INNU**. Ég hvet ykkur öll til að svara könnuninni, þannig fáum við sem besta mynd af fyrsta árinu ykkar í Flensborg, líðan ykkar í skólanum og gæði skólastarfsins.

Gangi ykkur vel í öllu því sem framundan er!

Með bestu kveðju,

Erla